Hefð og endurnýjun

Athyglisverð sýning eftir norska málarann Arvid Pettersen opnuð á Kjarvalsstöðum um helgina

„Ég varð fyrir eins konar vitrun þegar ég ferðaðist um eyðimörk Sahara á 8. áratugnum. Þar sá ég veggmyndir á fjallsvegg, sem voru 4-8000 ára gamlar. Meðal annars voru þarna myndir af antilópum svo fagurlega dregnar með sperrta bringu og þanda lend, að ekki var hægt að gera betur. Mér varð skyndilega ljóst að ég hafði ekkert nýtt fram að færa í myndlistinni.“

Þannig komst norski listmálarinn Arvid Pettersen að máli í stuttu spjalli við blaðamann Þjóðviljans í vikunni, en á laugardag verður opnuð að Kjarvalsstöðum farandsýning á verkum hans, sem fara mun um öll Norðurlöndin.

Ekki má skilja orð málarans svo, að sýning hans bjóði ekki upp á nýmæli. Þvert á móti ber sýning hans vott um að hér er á ferðinni með því athyglisverðasta sem nú er að gerast í norrænni málaralist. Það sem Petterson átti hins vegar við er að í myndum hans er að finna visst afturhvarf til hins hefðbundna málverks út frá nýjum forsendum.

„Ég lít ekki á hefðina í málverkinu sem byrði, heldur sem styrkleika, vegna þess að hún geymir sögu okkar og fortíð. En við getum ekki látið okkur nægja að leggjast til hvílu með hefðinni eins og ekkert hafi gerst, við verðum að snúa upp á hana og snúa út úr henni til þess að fá fram það sem í okkur býr. Annars verður hún byrði.“

Brot Pettersen gagnvart hefðinni birtist með ýmsu móti: í viðfangsefnum málverksins og afstöðunni til þeirra, í efni málverksins og afstöðunni til þess, í áferð myndanna og litaskala.


„Það hefur verið mér vandamál að mála myndir af fólki, einstökum persónum. Ekki af tæknilegum ástæðum, heldur tilfinningalegum. Ég get hins vegar málað fólk sem skúlptúra, því það gefur mér nauðsynlega fjarlægð gagnvart viðfangsefninu. Það er kannski sama ástæðan sem liggur til þess að ég mála mikið skúlptúra og óskilgreinda hluti. Það gefur mér greiðari aðgang að vandamáli sjálfs málverksins og útilokar víddir sem koma því ekki við.“

„Viðfangsefnið eða fyrirmyndin er ekki aðalatriðið í málverkinu, heldur aðferðin og hið tilfinningalega samband mitt við málverkið sem slíkt og þau lögmál sem liggja því til grundvallar. Viðfangsefni mitt er að uppgötva þessi lögmál, og það getur verið mjög gefandi starf.“

„Einu sinni reyndi ég að mála mynd sem hvarf inn í óendanleikann, hafði óendanlega dýpt. Þetta verkefni var að gera útaf við mig, því það virtist sama hvað ég reyndi, fyrir mér var alltaf veggur af lit. Í örvæntingu datt mér í hug að setja örfáa bletti af kadmíumrauðu á myndina. Þeir voru svo litlir að þeir sáust ekki í sjálfu sér. En viti menn: það varð eins og sprenging og myndin hvarf inn í óendanleikann. Það eru sjónrænar uppgötvanir sem þessar, sem veita málaranum umbun erfiðisins.“

Sýning Arvid Petterson að Kjarvalsstöðum á áreiðanlega eftir að veita mörgum unnendum málaralistar á Íslandi ánægju, en hún verður opnuð á laugardag og stendur til 3. desember.

–ólg



Arvid Pettersen: „Hin myndræna tjáning hefur fylgt manninum jafn lengi og orðsins list.“ Ljósm. Jim Smart.

Ó-ÁLIT

